

Til þess sem málið varðar

Reykjavík, 5.7.2018

Tilvísun: OS2017120060/20.15.0

Verknúmer: 3093000

### Efni: Drög að borholureglum til umsagnar

Orkustofnun vill vekja athygli á að stofnunin hefur birt á heimasíðu sinni til umsagnar drög að reglum um skráningu, hönnun og frágang borholna og um skil á upplýsingum um borholur til Orkustofnunar. Í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög) eru ýmis ákvæði sem varða skráningu, hönnun og frágang borholna og er þessum reglum ætlað að draga þau fram og gera aðilum auðveldara að fylgja þeim. Einnig er ætlunin að með þessum reglum verði ábyrgð á borholum skilgreind betur. Þá hefur verið skortur á upplýsingagjöf um borholur til Orkustofnunar, og er þessum reglum ætlað að bæta það.

Fyrir neðan er hlekkur á nánari upplýsingar inn á vef stofnunarinnar sem er einnig aðgengileg með því að fara inn á [www.os.is](http://www.os.is) og skoða fréttina á forsíðunni.

<https://orkustofnun.is/orkustofnun/frettir/drog-ad-borholureglum-til-umsagnar>

Með vísan til 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er aðilum máls gefinn kostur á að tjá sig um efni máls áður en stofnunin tekur ákvörðun í því. Umsagnarfrestur er til 15. september 2018 á netfangið [os@os.is](mailto:os@os.is) eða með skriflegum hætti til stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,



Jónas Ketilsson

yfirverkefnisstjóri – staðgengill orkumálastjóra